

39

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málgr.:

Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem er undir 30 rúmllestum, skal greiða 100 kr., en yfir 30 rúmllestum 300 kr., og renni gjald þetta í rikissjóð.

Gjört i Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

40

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum, og leggur rikissjóður fram til hans árlega 65000 kr.

2. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefur á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með höfuðstól sjóðsins og ábyrgð rikissjóðs.

3. gr.

Síðasta málgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Um allar lánbeiðnir úr sjóðnum skal leita umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenskra iðnrekenda.

4. gr.

Úr fyrstu málgr. 3. gr. laganna fellur orðið „smærri“ burt.

5. gr.

Fyrsta málgr. 5. gr. laganna falli burt, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim: